



Reykjavík, 18. nóvember 2024

MSS24030088

Borgarráð

### **Forsætisnefnd 15. mars 2024: Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aðgerðir gegn mansali**

Á fundi mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs þann 14. nóvember 2024 var lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokks um aðgerðir gegn mansali, sbr. 5. lið fundargerðar sama dag. Tillögunni var vísað til meðferðar mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs með bréfi skrifstofu borgarstjórnar dags. 10. september 2024.

Samþykkt var að vísa tillögunni til afgreiðslu borgarráðs.

Fulltrúar Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Sjálfstæðisflokksins og Flokks fólksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúar Samfylkingar, Framsóknar, Pírata, Sjálfstæðisflokksins og Flokks fólksins fagna tillögu Sjálfstæðisflokksins um skipun stýrihóps til þess að berjast gegn mansali. Mikilvægi þess að berjast gegn mansali verður seint vanmetið. Nýlega vísaði Borgarstjórn til Borgarráðs tillögu í sama málaflokki sem lögð var fram af hálfu Sósíalista. Mikilvægt er að tryggja aðkomu allra þeirra aðila í stjórnkerfi borgarinnar sem hafa snertiflöt í baráttunni gegn mansali, svo sem Velferðarsvið, Heilbrigðiseftirlit og Innkaupa- og framkvæmdaráð. Með hliðsjón af því telja fulltrúar rétt að vísa tillögu Sjálfstæðisflokksins áfram til Borgarráðs til afgreiðslu.

Fulltrúi Sósíalistaflokks Íslands lagði fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Sósíalista er ekki sammála mati ráðsins að stofnun stýrihóps skipuðum kjörnum fulltrúum um aðgerðir gegn mansali sé vísað til borgarráðs, þar sem það er gert með vísan til tillögu sósíalista um samstarfsvettvang til höfuðs misnotkunar vinnuafis sem bíður afgreiðslu í borgarráði. Sú tillaga snýst um stofnun vinnuhóps skipuðum starfsfólki borgarinnar sem verkkaupa og starfsfólki stéttarfélaga sem annast réttindagæslu félagsmanna sinna, hópi sem á að vinna saman að því að varpa ljósi á virðisdeðjuna sem borgin er aðili að til þess að uppræta réttindabrot. Hún snýr að því að taka strax til hendinni, á forsendum laga um keðjuábyrgð og gildandi kjarasamninga. Afar mikilvægt er að þeim samstarfsvettvangi sé komið á fót sem fyrst, vinnan liggur fyrir, verkefnið er skýrt og ekkert sem stendur í vegi fyrir því að hefja starfið án meiri tafa og því telur fulltrúi sósíalista að ekki sé til heilla að fjalla um tillögurnar samhliða. Með því er verið að festa í sessi ákveðinn misskilning á eðli tillögu sósíalista. Tillaga um stýrihóp sem skoði leiðir til þess að koma í veg



**Reykjavík**



fyrir mansal er að öðru leyti ágæt. Mikil hætta er á því að með þessu sé búið að flækja afgreiðslu, það skapist ruglingur á tilgangi beggja tillagna, og enn meiri tafir á afgreiðslu þeirra.

Óskað er því eftir að meðfylgjandi tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aðgerðir gegn mansali, sé lögð fram á vettvangi borgarráðs til afgreiðslu.

Elísabet Pétursdóttir  
*Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa*  
*Miðlæg stjórnsýsla*

Hjálagt: Tillaga

10.9.2024

MSS24030088

Sæl

Meðfylgjandi tillaga Sjálfstæðisflokksins um aðgerðir gegn mannsali er send mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði til meðferðar.

Kveðja,

Ólöf Magnúsdóttir

Verkefnastjóri skrifstofu borgarstjórnar

Skrifstofa borgarstjórnar

Sími 4114701

**FORSÆTISNEFND 15. mars 2024: Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aðgerðir gegn mannsali – MSS24030088**

Forsætisnefnd samþykkir að settur verði á laggirnar stýrihópur sem skoði leiðir og komi með tillögur til að bregðast við mannsali og koma í veg fyrir það. Stýrihópurinn samanstandi af þremur kjörnum fulltrúum og kalli til sín til samstarfs og ráðgjafar fulltrúa ferðapjónustunnar, verkalýðsfélaga, lögreglu, fulltrúa skrifstofu borgarstjórnar og mannauðsstjóra Reykjavíkurborgar.